Fregnir

Soroptimistasamband Ísland 41. árg. desember 2015 nr. 108

Hvatning Sorotimista
Sýnum drenglyndi og verum einlægar í vináttu.
Verum reiðubúnar til hjálpar og þjónustu.
Sýnum í verki skilning og friðarvilja.
Setjum markið hátt og vinnum störf okkar
með sæmd og ábyrgðartilfinningu.

Markmið Soroptimista
Að vinna að bættri stöðu kvenna
Að gera háar kröfur til siðgæðis
Að vinna að mannréttindum öllum til handa
Að vinna að jafnrétti, framförum og friði,
með alþjóðlegri vináttu og skilningi.

Soroptimistar skulu beita sér fyrir:
Að veita þjónustu í heimabyggð,
heimalandi og á alþjóðavettvangi
Að taka virkan þátt í ákvarðanatöku
hvarvetna í þjóðfélaginu.

Ritstjórn Fregna: *Frá vinstri Fanney Óskardóttir, Elfa Bryndís Kristjánsdóttir, Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir, Svandís Sverrisdóttir og Sigrún Ingvarsdóttir*

Fregnir er málgagn
Soroptimistasambands Íslands.

Heimasíða: *www.soroptimist.is*
Netfang: *soroptimist@soroptimist.is*

Ritnefnd óskar eftir efni í næsta tölublað.
Vinsamlegast sendið efni til ritstjóra
Hörpu Þ. Hólmgrímsdóttur á netfangið
harpa@thingeyjarskoli.is fyrir 1. mars 2016.

Forsíðumynd: *Svandís I. Sverrisdóttir*

Umbrot og hönnun blaðs: *Gígja Rut Ívarsdóttir*
Prentun: *Ásprent*

GÓÐMENNSKA HLEÐUR UTAN Á SIG EINS OG SNJÓBOLTI OG VALTAR YFIR REIÐI, AFBRÝÐISEMI, SORG OG ÖRVÆNTINGU.

Kæru systur nær og fjær

Jólablað Fregna færir ykkur öllum hlýjar jólakveðjur frá okkur Húsavíkursystrum í ritnefndinni með þökkum fyrir góð viðbrögð við blöðunum okkar fyrra starfsárið. Við höfum uppskorið hlý orð og klapp á bak sem við erum þakklátar fyrir. Meðal efnis þessa blaðs eru fastir liðir eins og venjulega, fallegur pistill frá forsetanum okkar, jákvæða hornið og fréttir af störfum Soroptimistasystra, bæði frá einstökum klúbbum og frá smærri og stærri fundum. Nýverið bættist í systrahópinn okkar eins og flestir vita, þegar nýr klúbbur tók til starfa á Tröllaskaga og bjóðum við þær hjartanlega velkomnar í hópinn. Þær mæta vaskar til leiks og frá þeim kemur pistill um aðdraganda stofnunar klúbbsins og stofnfundinn sjálfan. Það er líka ánægjulegt að geta þess að ein af okkar nýju systrum á líka Bókaorminn í þessu blaði, lifandi og lestrarhvetjandi pistil. Ég verð að geta þess að ég hef nú þegar lesið eina af þeim bókum sem Laufey talar um og gæti vel hugsað mér að ferðast með henni til Janus Rock.
Eins og gefur að skilja er líka efni í blaðinu sem tengist jólum. Hefðbundnar jólakveðjur frá klúbbum, jólaljóð og minning frá bernskujólum einnar úr ritnefndinni.
Það er von okkar ritnefndarkvenna að blaðið færi ykkur bæði fróðleik og gleði.

Megir þú eiga góð og gleðileg jól
og gæfuríkt verði þér árið sem brátt fer í hönd,
megi það færa þér samfellda birtu og sól,
sigra, gleði og ferðir um hamingjulönd.

Með góðum jólakveðjum
f.h. ritnefndar Fregna
Harpa Þ. Hólmgrímsdóttir

Kæru systur

Þóra Guðnadóttir forseti

Þegar þið fáið þetta blað í hendur er farið að líða að jólum og við allar að komast í jólagírinn.
Á þessu hausti hefur mikið verið unnið í samtökum okkar. Haustfundurinn var haldinn í byrjun október á Bifröst í Borgarfirði. Þar tóku systur virkan þátt í umræðum um starfið í samtökum okkar og vonandi leiðir það til sterkari samtaka Soroptimista.
Nýr klúbbur, Soroptimistaklúbbur Tröllaskaga var stofnaður 17. október og var stofnhátíð hans glæsileg og nýjum systrum til mikils sóma.
Við óskum Soroptimistaklúbbi Tröllaskaga bjartrar framtíðar og góðs gengis í störfum sínum.
10. des ákall Yvonne Simpson forseta alþjóðasambandsins er að virkja sameiginlegan kraft Soroptimista til stuðnings konum og stúlkum í Nepal við að endurreisa líf sitt í kjölfar hrikalegra jarðskjálfta sem þar urðu fyrr á þessu ári. Áhersla innan Nepal verður á menntun og forystu kvenna.
Í upphafi minntist ég á að það líður að jólum og sumir eru löngu farnir að undirbúa þau, svo snemma að mörgum finnst nóg um eins og segir í þessu vísubroti:

Ljósadýrð um byggð og ból
bærinn skreyttur þar og hér.
Sumir halda heilög jól
frá haustnóttum út desember.

Það er gott að gefa sér smá tíma og hugsa um boðskap jólanna og ef við erum aflögufær leggja þeim lið sem eru hjálparþurfi. Íhuga hvers vegna við gefum gjafir, með hvaða hugarfari og hvernig þær eru metnar? Er það kannski í krónum? Það metur hver fyrir sig.
Margir minnast bernskujóla sinna og sum jól eru minnistæðari en önnur. Jólin sem framundan eru verða frábrugðin hjá mér, mamma yfirgaf þennan heim á árinu, svo þetta verða mín fyrstu jól án hennar. Mömmu og annarra ástvina sem farnir eru mun ég sakna og minnast um jólin.
Að lokum vona ég að allar Soroptimistasystur og fjölskyldur þeirra megi njóta aðventunnar og jólahátíðarinnar sem í hönd fer.

Ljúfir jólatónar
um loftið líða,
ljósin ljóma,
björt og hlý.
Með gleði í hjarta
og von í brjósti,
þér ég sendi ósk
um gleðileg jól.

Þóra Guðnadóttir
Forseti Soroptimistasambands Íslands
2014-2016

HJÁLPAÐ TIL NÁMS

Björg Ólafsdóttir, Soroptimistaklúbbi Grafarvogs ásamt Fríði Birnu Stefánsdóttur fóru til Afríku að heimsækja ABC skóla í Kenya og Úganda.
Héldu þær kynningu á ferðinni fyrir klúbbsystur í Grafarvogsklúbbi. Mættu þær í kjólum sem saumaðir höfðu verið af Maasaium. Kynningin var fróðleg og frásögn sem snertir alla. Fríður Birna er framkvæmdastjóri en Björg situr í stjórn ABC barnahjálpar.
ABC barnahjálp er íslenskt hjálparstarf, stofnað árið 1988. Starfið snýst um það að gefa fátækum börnum tækifæri til menntunar og hjálpa götubörnum til nýs lífs með því að veita þeim heimili og menntun.
ABC barnahjálp starfar í fimm löndum Asíu og Afríku en þau eru: Indland, Pakistan, Kenýa, Úganda og Burkina Faso. ABC barnahjálp styrkir þúsundir barna til náms og búa mörg þeirra á heimavistum og barnaheimilum ABC. ABC skólarnir veita nemendum frá 3ja ára aldri ókeypis menntun, skólagögn, skólabúning, læknishjálp og eina máltíð á dag.
ABC barnahjálp hefur byggt mörg barnaheimili og skóla á undanförnum árum sem fjármögnuð hafa verið með söfnunarfé, opinberum framlögum og stökum gjöfum einstaklinga og fyrirtækja.

Nánari upplýsingar má sjá hér: ***http://www.abcchildrensaid.org/***
Aðalskrifstofa ABC barnahjálpar er staðsett í Víkurhvarfi 2 í Kópavogi.
Skrifstofan er opin frá kl 09:00 til 16:00, mánudaga til föstudaga.
Reikningsnúmer neyðarsjóðs er 515-14-303000 kt. 690688-1589
ABC rekur einnig Nytjamarkað sem staðsettur er að Víkurhvarfi 2, Kópavogi, sími: 520 5500

BÓKAORMURINN

Frá því að leyndardómar bókstafanna urðu mér ljósir hef ég lesið af ástríðu. Ég er stórlesari, eins og sagt er um þá sem eiga við fíkn að stríða. Hann/hún er stórreykingamaður/keðjureykingamaður. Ég er keðjulesari. Kvöldið er ónýtt ef það liggur ekki ólesin bók á náttborðinu, að ég tali ekki um ef helgi nálgast og engin ólesin bók í nálægð.

Öll spakmælin og gullmolarnir sem til eru um lesara og bóklestur eiga við um mig. Uppáhaldið mitt núna er setning sem eignuð er bandarísku skáldkonunni Anne Tyler (1941) „I read so I can live more than one life in more than one place“

Í gegnum bóklestur og þá er ég aðallega að tala um skáldsögur hef ég kynnst fjölda skemmtilegra persóna, framandi menningu, fallegum stöðum, hættulegum aðstæðum, óþolandi leiðindapúkum, fátækt, hungri, ríkidæmi, leiðindum og öllu þar á milli.

Ég hef lifað mig inn í aðstæður fólks og grátið heilu næturnar, fengið krampa af hlátri, orðið vansvefta vegna ónota og hamingjusöm með góð endalok en líka lokað bók sem var heimskuleg og illa skrifuð því smá sómatilfinningu þarf lesarinn jú að hafa.

Fyrir þessa ástríðu mína hef ég logið til um aldur til að fá fyrsta bókasafnsskírteinið, laumað bók inn á mig þar sem ekki mátti fá nema eina bók á safninu í einu og logið að mömmu að konan á bókasafninu hefði lánað mér aukabók. Ég var alveg rosaleg glæpastelpa.

Í sveitinni var heimilisbókasafnið talsvert alþýðlegra en bókasafn kommúnistans föður míns svo ég mátti enga nótt missa til að komast yfir allar þær gersemar sem ég varð að lesa áður en sumardvöl lyki. Greifinn af Monte Cristo, Leyndardómar Parísarborgar, Dóttir faraós, Þriðja augað, Heima er best og allar rauðu ástarsögurnar sem út höfðu komið. Þegar haustmyrkrið kom í veg fyrir lestur stal ég vasaljósi húsbóndans og lýsti undir sænginni, þetta var sko alvöru fíkn.

Á meðan ég sinnti bæði kennslu og uppeldi eigin barna varð minna úr bóklestri en ég reyndi þó alltaf að lesa það nýjasta og forvitnilegasta sem út kom. Ef ég bjó erlendis bættist við sá lestrarheimur sem þar var og víkkaði sjóndeildarhringinn en jafnframt varð ég vandfýsnari á bókmenntir og fór að velja úr en las ekki lengur hvað sem fyrir varð. Sögulegar skáldsögur urðu mitt uppáhalds lesefni og bækur sem lýsa framandi menningu. Góðar spennusögur sem lýsa samfélagi um leið og flókin glæpamál eru leyst, eru eins og konfekt fyrir stórlesarann.

„Áttu ekkert líf?“ spurði barnið á skólasafninu þegar hún vissi að ég hafði lesið flestar bækurnar þar. Hvernig átti ég að útskýra að meira að segja góðar unglingabækur eru hluti af mínu lífi og eru nú á síðustu árum einmitt það lesefni sem ég sækist hvað mest í. Á síðasta ári voru það bækurnar Undrið og Eleanor og Park sem ég benti oftast á sem gæða lesefni.

Mitt annað áhugamál er að ferðast og nú á síðustu árum hef ég notið þess að reyna á ferðalögum mínum að sækja heim staði sem ég þekki í gegnum bækur. Þannig teymdi ég eiginmanninn um Williamsburg í Brooklyn í síðustu ferð til New York og reyndi að finna húsin sem Betty Smith lýsir svo frábærlega í bókunum Gróður í gjósti og Gleðisöngur að morgni. Þegar við fórum til Írlands voru það Belfast og Limerick sem voru helsta aðdráttaraflið, Limerick fyrir bækur Frank McCourt og Belfast vegna ævisögu Bernadettu Devlin, Sál mín að veði. Í Prag sóttum við heim allar krár sem Svejk hafði verið skráður fyrir og á Hornströndum varð það að keppikefli að komast í Hælavík og sjá rústir bæjarins sem Jakobína segir frá í sögu sinni Í barndómi. Ég á eftir að heimsækja ótal staði sem ég hef kynnst í gegnum bækur og nú stefni ég að því að komast til St. Malo eftir að hafa lesið bókina All the light we cannot see og síðan verður það Janus Rock við vesturströnd Ástralíu til að upplifa sögusviðið í Ljós af hafi. Til Kiruna væri gott að koma og rifja upp sögur Åsa Larsson og Borgundarhólmur er löngu tímabær þar sem urðu til Ditta mannsbarn og Pelli sigurvegari. Ég á eftir að sjá skógana í Ontario sem Margaret Atwood hefur lýst fyrir mér og jafnvel að komast til Kína og minnast um leið bókanna sem Pearl S. Buck skrifaði og opnaði fyrir manni nýjan heim. Klondyke bíður mín og geymir anda Jack London bókanna og þá skal ég hundur heita ef ég skrepp ekki til Ystad í næstu Kaupmannahafnarferð. Henning Mankell á það inni hjá mér fyrir alla skemmtunina. Einn er þó sá staður sem ég tengist á alveg sérstakan hátt í gegnum bóklestur og það er munaðarleysingjaheimilið í Tlokweng í Botswana sem Alexander McCall Smith segir frá í bókunum um Kvenspæjarastofu no. 1. Þar hafa alist upp tvö börn sem ég hef styrkt síðan 1990 og mig dreymir um að komast þangað. Börnin eru uppkomin og flutt að heiman en SOS þorpið er þar og ég fer þangað seinna.

Það er alltaf gott að eiga markmið að stefna að en þangað til les ég margar bækur og ég ætla að byrja á þeirri sem nú bíður mín á náttborðinu, Eitthvað á stærð við alheiminn. Það dugar ekkert minna.

Laufey Eiríksdóttir
Soroptimistaklúbbnum á Tröllaskaga

HUGLEIÐINGAR AF HAUSTFUNDI

Við upphaf Haustfundar

Haustlitirnir voru í algleymingi í Borgarfirðinum

Margir klúbbar voru með söluborð á Haustfundinum. Hér standa Guðlaug, Helga, Elín og Ester við eitt söluborðanna.

Það er alltaf tilhlökkun í lofti þegar nálgast haustfund. Hitta ,,gamlar" systur allsstaðar af landinu og endurnýja kynnin við þær og ekki síður að kynnast nýjum. Það var því með gleði í hjarta sem við níu Mosfellssveitarsystur brunuðum út úr bænum okkar þennan fallega laugardagsmorguninn 3. október sl. Haustið skartaði sínu fegursta svo litadýrðin kringum Bifröst var engu lík. Þar var mættur fríður hópur kvenna og flest andlitin kunnugleg enda stór hópur systra duglegar að sækja þessa fundi. Gaman væri þó að sjá enn fleiri ný andlit og ættu klúbbar að setja á oddinn að hvetja konur enn frekar til að mæta, því það skilar sér svo sannarlega inn í klúbbastarfið með auknum áhuga og eldmóði.

Fundarsetning var með hefðbundnum hætti og látinna systra minnst með virðingu. Forseti okkar Þóra Guðnadóttir flutti sitt ávarp þar sem hún meðal annars hvatti systur til að huga vel að innra starfi klúbbanna. Guðrún Erla sendfulltrúi sagði í máli og myndum frá Lissabonfundinum og Mjöll Flosadóttir frá ferð til Litháen en unnið er að virkri starfsemi vinaklúbba landanna.

Þóra forseti fræddi okkur síðan um Alþjóðaþing Soroptimista sem var haldið í Istanbúl 9.-12. júlí. 1.500 konur sóttu þingið þar af fjórir fulltrúar frá okkur. Fundargerðir frá öllum þessum viðburðum má finna á vef sambandsins og hvetjum við systur til að kynna sér þær.

Sú áhugaverða nýbreytni var tekin upp á haustfundi að komið var á sérstökum vinnusmiðjum þar sem unnið var með ákveðin verkefni:

1. Þríhyrningurinn-skipurit.
2. Fundir og fundarsköp, siðir og hefðir.
3. Heimasíða, vefurinn.
4. Mætingar og skráningar á viðburði.
5. Öflun nýrra félaga og að halda þeim.

Þarna fór fram skemmtileg, fræðandi og mjög áhugaverð vinna sem allar systur tóku þátt í og gátu komið sínum skoðunum á framfæri. Niðurstöður voru kynntar í lokin (sjá vefinn) og hvetjum við klúbba til að kynna þær fyrir systrum sem ekki voru á staðnum.

Hefðbundinn hluti af haustfundi eru stjórnaskipti. Að stjórnarborðinu kom Laufey G. Baldursdóttur verðandi forseti, Akureyrarklúbbi og Guðrún Bragadóttir 1. varaforseti, Akranesklúbbi um leið og Mjöll Flosadóttir fráfarandi forseti, Hafnarfjarðar- og Garðabæjarklúbbi og María Norðdal 1. varaforseti, Grafarvogsklúbbi voru kvaddar. Guðrún Erla Björgvinsdóttir, Bakka og Seljaklúbbi hefur lokið sínu tímabili sem sendifulltrúi og Ellen Tyler Kópavogsklúbbi tekur við. Margrét Rögnvaldsdóttir, Reykjavíkurklúbbi kemur inn sem varasendifulltrúi.

Í lok dags hófust fræðslufundir embættismanna, nytsamlegir að vanda fyrir okkur sem erum að taka við nýjum og spennandi embættum og gott að geta sótt sér þangað góð ráð og hugmyndir.

Eftir langan fundardag var tekið upp léttara hjal og við gerðum okkur klárar fyrir kvöldhófið. Þar ríkti glaumur og gleði undir frábærri stjórn Soroptimistaklúbbs Snæfellsness. Söngur, brandarar, flottir happdrættisvinningar og góður matur og guðaveigar gerðu kvöldið ógleymanlegt. Það var erfitt að yfirgefa fjörið, halda út í nóttina og aka heimleiðis. Hétum við Mosfellssveitasystur því að næst yrði gist svo við misstum ekki af neinu. Systrum okkar öllum þökkum við skemmtilega samveru.

Helga Sigurðardóttir og
Linda Ágústsdóttir
Soroptimistaklúbbi Mosfellssveitar.

SOROPTIMISTAKLÚBBUR KEFLAVÍKUR 40 ÁRA

Soroptimistaklúbbur Keflavíkur fagnaði 40 ára afmæli þann 5. júní sl. Í klúbbnum eru 35 systur og þar af sex stofnfélagar. Keflavíkurklúbburinn hefur stutt ákveðin verkefni í heimabyggð sérstaklega, má þar nefna Björgina geðræktarmiðstöð Suðurnesja, Öspina sérdeild fyrir fatlaða nemendur og Velferðarsjóð Keflavíkurkirkju. Í vor gaf klúbburinn Ipad á starfsbraut Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Auk þess tekur klúbburinn reglulega þátt í samstarfsverkefnum Soroptimistasambandsins.

Í tilefni af afmæli klúbbsins heimsóttu systur Bessastaði. Forsetahjónin tóku höfðinglega á móti klúbbnum og systur færðu forsetanum að gjöf Skóla í kassa fyrir 40 börn en gjöfin er bæði táknræn fyrir starfsárafjölda klúbbsins og það mannúðarstarf sem klúbburinn sinnir. Skóli í kassa er ein af sönnum gjöfum Unicef, barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna og gerir börnum kleift að halda skólagöngu sinni áfram við neyðaraðstæður. Eftir skoðunarferð um húsakynni Bessastaða var boðið upp á kaffi og pönnukökur. Virkilega góður dagur og eftirminnilegur.

GÓÐMENNSKAN HELDUR HEIMINUM SAMAN

JÁKVÆÐA HORNIÐ

Snemma á tuttugustu öld átti lítil stúlka heima á Húsavík. Það voru að koma jól og mamma hennar og systir lágu fárveikar af taugaveiki. Hún mátti ekki fara inn til þeirra. En hún hafði aðeins gægst inn og henni fannst að systir sín hlyti að vera dáin svo föl var hún og veikluleg. Litla stúlkan læddist fram í eldhús og hágrét. Pabbi hennar var að vinna í fiski og hún vissi að hann kæmi ekki heim fyrr enn komið væri fram á kvöld. Henni hafði verið trúað fyrir yngri bróður sínum og tveimur litlum systrum og hún varð að standa sig.

Mamma hennar hefði alltaf sagt að börnin þyrftu nýja flík fyrir jólin annars færu þau í jólaköttinn. Áður en hún lagðist veik hafði hún saumað svuntur á systurnar en hvað með bróður hennar, eitthvað þurfti hann að fá. Á borðinu lágu ófullgerðu sauðskinnsskórnir hans og nú ákvað hún að skóna yrði hún að brydda svo litli bróðir fengi eitthvað nýtt til að fara í á jólunum. Eftir mikið puð lauk hún við skóna þó þeir væru ekki eins fallegir og hjá mömmu.

Síðan þreif hún húsið og reyndi að gera eins jólalegt og henni var unnt. Hún bar inn eini og brenndi í fægiskúffunni eins og mamma hennar var vön að gera til að fá jólalykt í húsið. Eitthvað hafði hún reynt að baka en það var ekki eins og hjá mömmu og það olli henni áhyggjum. En þá barst hjálpin úr óvæntri átt. Stóri hálfbróðir hennar kom heim með alls konar jólakökur – sagði þetta vera frá mömmu sinni. Þessu átti hún ekki von á – fyrri kona pabba hennar hafði hugsað svona hlýlega til þeirra. Hún gleymdi þessu góðverki aldrei meðan hún lifði. Og sagði oft að það væri ekki okkar að dæma fólk - að innra með öllum væru góðar manneskjur.

Litla stúlkan í húsinu við nyrsta haf klæddi systkini sín í hrein og strokin föt á aðfangadag og úthlutaði þeim fimm rúsínum, gráfíkju, döðlu, súkkulaði og brjóstsykurmola eins og mamma hennar var vön að gera. Jólin komu þrátt fyrir allt og börnin gæddu sér á jólakökunum frá konunni góðu. Enginn fór í jólaköttinn og það allra besta var, að sjúklingarnir voru að ná heilsu.

Elfa Bryndís Kristjánsdóttir
Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis.

HVUNNDAGSHETJAN

Fanney Óskarsdóttir

Úff! Ég er svo þreytt eftir langan vinnudag. Ég skelli fótunum upp á sófaborðið, grípfjarstýringuna og kveiki á sjónvarpinu. Með öðru eyranu heyri ég suðið í uppþvottavélinni og þvottavélinni sem vinna sín störf án þess að kvarta. Í sjónvarpinu er þátturinn ,,Öldin hennar“. Já, tuttugasta öldin var öldin mín, öldin hennar mömmu og öldin hennar ömmu. Hvílíkar breytingar sem hafa orðið á þessum 100 árum.

Mér verður hugsað til ömmu minnar sem ég fékk aldrei að kynnast. Hún var fædd 1883, elst 20 barna föður síns. Af þessum stóra systkinahópi komust 12 til fullorðinsára. Amma missti móður sína átta ára gömul. Hún syrgði móður sína mjög og segir hún í endurminningum sínum. ,,Um haustið stóð ég yfir fé föður míns oft friðlaus af kulda og söknuði eftir móður minni” og á öðrum stað segir hún ,,Varð ég oft að neita mér um það sem aðrar stúlkur kunnu og mátti aldrei af verkunum líta jafnt alla daga árið út og inn”. Þráin eftir að fá að læra var greinilega rík.

Amma giftist afa 1910. Afi var 20 árum eldri en hún. Á árunum 1908 til 1922 fæddust þeim 10 börn. Ein dóttirin fór í fóstur til barnlausra hjóna. Afi féll frá vorið 1924 eftir nokkurra mánaða veikindi. Þá stóð amma uppi með níu börn og skuldsett bú.

Ekki veit ég hvort búið var að jarða afa minn þegar hreppstjórinn mætti ásamt fríðu föruneyti með bjargráð þess tíma, að bjóða ömmu minni að leysa upp heimilið.

Ég sé hana fyrir mér mæta valdsmönnunum, fasta fyrir og ákveðna, þrátt fyrir sorgir og áhyggjur. Hún sagði þeim háu herrum að ef þeir tækju af henni börnin ynni hún ekki handtak meir og hún fékk sínu framgengt, ólíkt svo mörgum öðrum á þessum tíma.

En lífið var enginn leikur, yngstu dótturina sendi hún í fóstur til bróður síns. Afi hafði unnið að vegagerð sumarið áður en ekki tekist að ljúka verkinu. Amma vildi fá greitt fyrir hans vinnu en fékk þau svör að ekkert fengist þar sem verkinu væri ólokið.

Ásamt börnum sínum ungum réðst hún í að leggja veginn. Hún skipti börnunum í lið. Hún ásamt drengjunum mokaði möl inni á hestakerruna og litlu telpurnar teymdu hestinn að enda, þar sem drengirnir tóku við, mokuðu af og jöfnuðu.

Óskaplega held ég að fjölskyldan hafi oft gengið uppgefin til hvílu að kveldi.

Með þrautseigju sinni og dugnaði tókst ömmu að forða fjölskyldu sinni frá því að fara á sveitina en það var ógn sem vofði yfir fátæku fólki á þessum tímum og þótti óbærileg skömm.

Mamma var fædd árið 1914 og lést 2012, því má með sanni segja að tuttugasta öldin sé hennar. Hún var fædd í torfbæ án allra þæginda og lifði þær mestu breytingar sem orðið hafa í þjóðfélaginu.

Hennar kynslóð kvenna er sú fyrsta sem fær skilyrðislausan kosningarétt. Hún kynntist erfiðleikum í æsku sem kenndu henni að gera mikið úr litlu og að skulda aldrei neinum neitt. Á öldinni verða til almannatryggingar af ýmsu tagi, vaxtabætur, barnabætur og réttur til fæðingarorlofs. Mömmu fannst það reyndar alveg fráleitt að konur fengju greitt fyrir að eignast börn og tók nú steininn úr þegar karlar fengu það líka. Svona breytast viðhorfin. Mér finnst ég og mín kynslóð vera forréttindakvikindi. Við búum að reynslu og baráttu genginna kynslóða. Þeir kvenskörungar sem stóðu í fylkingarbrjósti fyrir réttindabaráttu kvenna eiga nöfn sín skráð á spjöldum sögunnar en þær eru margar hvunndagshetjurnar sem unnu stóra sigra i sínum litla heimi sem hægt og hljótt falla í gleymskunnar dá.

Þegar ég hugsa til litlu stúlkunnar sem hélt ám föður síns til beitar krókloppin, dauðþreytt og sorgmædd, skil ég að ég veit ekki hvað þreyta er.

Höldum vörð um þau réttindi sem náðst hafa og hugsum um þá sem minna mega sín.

Fanney Óskarsdóttir
Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis.

Kæru systur.

Við óskum þess að jólahátíðin verði ykkur hamingjurík og friðsæl og að komandi ár verði uppfullt af gleðilegum atburðum.

Kærar kveðjur
Soroptimistaklúbbur Akureyrar



Kæru systur

Við óskum ykkur og ástvinum um land allt gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir ánægjulegar samverustundir ár árinu sem er að líða.

Soroptimistaklúbbur Mosfellsbæjar

Sendum hugheilar jóla- og nýárskveðjur til allra systra á landinu.

Soroptimistaklúbbur Grafarvogs.

Kæru systur.

Við sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi ári. Þökkum góð og skemmtileg samskipti á árinu sem er að líða og hlökkum til fleiri slíkra á komandi ári.

Soroptimistaklúbbur Austurlands.

Stjórn Soroptimistasambands Íslands sendir Soroptimistum og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla- og nýárskveðjur og þakkar gjöful störf systra á árinu sem er að líða.

Sendum öllum Soroptimista-systrum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.

Þökkum allar góðar systra-stundir á liðnum árum.

Kær kveðja.
Soroptimistaklúbburinn Seltjarnarnesi

GOTT HJARTA ER UPPSPRETTA GLEÐI OG KVEIKIR BROS ALLT UM KRING.

Systur í Soroptimistaklúbbi Árbæjar senda hugheilar jóla- og nýárskveðjur til systra og fjölskyldna þeirra með þökk fyrir ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að líða.

Sendum öllum Soroptimista-systrum bestu óskir um gleðileg jól og gæfuríkt komandi ár.
Þökkum góðar stundir á liðnu ári.

Kær kveðja.
Soroptimistaklúbburinn við Húnaflóa.

Kæru Soroptimistasystur.

Systur á Tröllaskaga þakka góðar kveðjur, gjafir og samveru í tilefni af stofnun nýja klúbbsins okkar.

Við sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á nýju ári.

Hlökkum til samstarfs í framtíðinni.
Soroptimistasystur á Tröllaskaga

Sendum systrum okkar um land allt og fjölskyldum þeirra hugheilar jóla- og nýársóskir.

Hlökkum til að hitta ykkur á Lands-sambandsfundinum á vori komandi.

Hátíðakveðja
Soroptimistaklúbbur Skagafjarðar.

Kæru systur
Sendum ykkur hugheila jóla og nýárskveðjur
Með þökk fyrir samstarfið á árinu sem er að líða og ósk um skemmtilegar samverustundir á komandi árum.

Jólakveðjur
Soroptimistaklúbbur Suðurlands

Óskum Soroptimistasystrum um land allt og fjölskyldum þeirra gleðilegra jóla og hamingjuríks nýs árs.
Þökkum góðar samverustundir á árinu og hlökkum til fleiri slíkra á komandi ári.

Soroptimistaklúbbur Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Kæru systur!
Við sendum ykkur og fjölskyldum ykkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsælt komandi ár og þökkum góðar stundir á árinu sem er að líða.
Kveðjur frá Soroptimistasystrum í Akranessklúbbi.

Kæru Soroptimistasystur & fjölskyldur ykkar.

Megi jólahátíðin færa ykkur hlýju í hjarta og birtu í hug. Með ósk um farsæld á nýju ári og þakkir fyrir góðar stundir á liðnum árum.

Jólakveðja frá Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis

Kæru systur til sjávar og sveita

Gleðilega hátíð

Við þökkum liðnar samverustundir og hlökkum til að hitta ykkur á nýju ári

Soroptimistaklúbbur Reykjavíkur



Systur í Soroptimistaklúbbi Keflavíkur senda bestu jóla- og nýárskveðjur til systra og fjölskyldna þeirra með þökk fyrir ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að líða.

Kæru systur

Við sendum ykkur og fjölskyldum ykkar okkar bestu óskir um gleðilega jólahátíð og farsældar á komandi ári.
Þökkum ánægjulegar samverustundir á liðnum árum.

Systur í Soroptimistaklúbbi Hóla og Fella

Sendum okkar bestu óskir um gleðileg jól og farsæld á komandi árum. Þökkum allar góðar systrastundir á liðnum árum. Hittumst hressar með hækkandi sól.

Soroptimistaklúbbur Snæfellsness.

Soroptimistaklúbbur Kópavogs sendir systrum og fjölskyldum þeirra um land allt hugheilar jóla- og nýárskveðjur. Þökkum samstarf og ánægjulegar samverustundir á árinu sem er að líða og þá sér í lagi á Landssambandsfundinum í Kópavogi í vor. Hittumst hressar á nýju ári!

BERNSKUJÓL

Ég hleyp hér í skarðið fyrir systur sem stóð í önnum og sá sér ekki fært að segja frá sínum bernskujólum. Hér kemur mín jólasaga.

Ég var ekki há í loftinu er ég var send í fóstur til móðurafa míns og afasystur. Hjá þeim ólst ég upp við talsvert sérstakar aðstæður á okkar tíma mælikvarða.

Við þrjú áttum heima út í Papey þegar ég var barn og ekki alltaf hlaupið að því að fara í kaupstað. Tala nú ekki um yfir vetrarmánuðina. Jólin og jólaundirbúningurinn þarna út í Atlanshafi renna saman í ein jól. Að mörgu leyti jól aldamótabarnsins um 1900 en samt jól nútímans, jól kaupæðis. Já þessi tími rennur saman í eitt. Áhyggjulausa og ljúfa bernsku, svo skreytir tíminn minningarnar. Jólasagan mín hljómar svona:

Lítil telpa læddist um, forvitin. Eitthvað lá í loftinu. Afi var að bauka austur í smíðakompu eitthvað sem ekki mátti sjást og ekki vogaði hún sér telpan að óhlýðnast og fá þannig svalað forvitni sinni. Það fylgdi því viss kostur að vera hlýðin fyrir jólin. Konfektmoli lá oft í gluggakistunni á morgnana. Þessir jólasveinar fylgdust með. Sigga fóstra mín var önnum hlaðin í eldhúsinu að baka kökur: Kossa, hálfmána og hólakökur. Eldavélin glóði af ákafa við að baka öll þessi kynstur af góðgæti. Fóstra glóði einnig því nóg var að gera, setja í eldinn, samhliða því sem hún flatti út og tók af plötunni ilmandi kökur. Ef eldavélin varð of áköf naut telpan góðs af. Hún fékk einnig að móta kökur með glasi og hnoða í kúlur.

Jólaundirbúningurinn hélt áfram. Fóstra skrúbbaði þiljur og gólf. Allur bærinn angaði af grænsápu og bóni. Afi kallaði telpuna á eintal inn í smíðakompu einn daginn og viti menn. Þarna stóð tilbúið jólatré. Grænmálað, búið til úr rekavið. Hulunni var aflétt. Síðan röltu þau hönd í hönd gamli maðurinn og telpan austur í smiðju. Nú átti að saga niður mikið af hangikjöti. Helst af veturgömlu. Síðan röltu þau aftur inn til fóstru sem farin var að baka hveitiflatbrauðið sem hafa átti með hangikjötinu. Þau stöldruðu við á hlaðinu og horfðu á hvítan fjallahringinn. Sú litla var með hugann við jólasveinana. Hún vissi upp á hár hvar þeir komu niður úr fjöllunum. Heyrst hafði til þeirra um morguninn. Miklar drunur og læti. Það myndaðist einskonar hlið í fjallgarðinum og í því voru margir smátindar. Það voru húfur jólasveinanna. Skyldi verða moli í gluggasyllunni næsta morgun. Það kvöldaði eins og alltaf. Þessi kvöld fyrir jólin voru sérstök, full af tilhlökkun. Fóstra las sögur í rökkrinu og raulaði jólasöngva. Afi kveikti á olíulampanum og tók fram kassa með jólapappír síðan í fyrra og þau tóku til við að flétta saman poka til að hengja á tréð og hnýttu saman í loftskraut. Svona liðu dagarnir fram að jólum. Ærnar og kýrnar fengu ýmislegt að heyra þegar sú stutta heimsótti þær í útihúsin.

Það var einn hængur á fyrir þessi jól. Það hafði ekki gefið á sjó fyrir litla trillu. Það urðu því engin sérstök jólainnkaup, engin epli, enginn jólapóstur, engir jólapakkar. Jólin kæmu nú samt. Á Þorláksmessukvöld skreyttu þau bæinn og jólatréð. Heimatilbúna skrautið og það sem til var af gömlu var sett upp af natni. Kerti á jólatréð, jólasveinarnir á skápinn og engilinn á náttborðið.

Aðfangadagurinn rann upp. Þeirri stuttu var tíðum gengið út á hlað eða þá að hún hljóp vestur á hól til að kanna bátsferðir með jólapóstinn. Ekkert vélarhljóð, enginn bátur. Inn í bænum angaði allt af hangikjöti og fóstra var byrjuð að búa til flauelsgrautinn. Það kvöldaði og hríðarmuggan byrgði fjallasýn. Enginn bátur kæmi eftir þetta. Þulurinn í útvarpinu lauk síðustu jólakveðjunum. Fóstra kallaði á krókloppna telpuna sem ennþá beið út á hlaði í von um að heyra mótorskelli. Afi kom frá gegningunum, hann hafði gefið ríflega í þetta sinn. Þau fóru síðan að klæða sig í sparifötin. Sú stutta var í heldur litlum blúndukjól og með slaufu í hárinu. Foreldrar hennar kepptust við að senda henni fallega kjóla en oftast voru þeir heldur litlir. Í sparifötunum settust þau afi inn í stofu og hlustuðu á jólamessuna. Það mátti ekki hafa hátt. Fóstra bar fram jólamatinn og kveikti á kertunum á jólatrénu.

Þannig leið aðfangadagskvöldið við kertaljós, hlustun á gömlu Gufuna og jólasögur. Allir pakkarnir gleymdust. Á jóladag fékk daman smákökur og kakó í rúmið.

En viti menn, á gamlársdag í blíðskaparveðri heyrðust mótorskellir og vélbátur renndi inn í voginn. Þá ruddist nú 20. öldin inn í öllu sínu veldi og litla stúlkan með eldspýturnar hvarf inn í hið liðna. Það komu 25 pakkar upp úr póstpokanum henni ætlaðir. Jólin endurtóku sig í annarri mynd. Það hugsuðu svo margir hlýtt til hennar þarna á þessari afskekktu eyju úti í ballarhafi. Þeir áttuðu sig sennilega ekki á, hversu notaleg jól litla fjölskyldan hafði átt.

Enn þann dag í dag dreymir þessa nær sextugu konu um að halda einföld hljóðlát jól út á þessari afskekktu eyju. Burt úr þessu æði sem við veltum ósjálfrátt inn í þegar jólin nálgast.

Svandís Sverrisdóttir

Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis.

Sigrid Ag og Jónína Magnúsdóttir með stofnskjalið.

STOFNUN
SOROPTIMISTAKLÚBBS TRÖLLASKAGA

Stofnun Soroptimistaklúbbs Tröllaskaga fór fram við hátíðlega athöfn þann 17. október s.l. í Menntaskólanum á Tröllaskaga. Sigrid Ag, 1. varaforseti Evrópusambands Soroptimista kom frá Noregi og stýrði fundinum og afhenti klúbbnum stofnskjal. Aðrir sem viðstaddir voru: Þóra Guðnadóttir forseti Landssambandins, Signý Þórðadóttir ritari Landssambandsins, Laufey Baldursdóttir verðandi forseti Landssambandsins, Margrét Eyfells og Ragnheiður Stefánsdóttir úr útbreiðslunefnd SÍÍ og Evelyn Ýr Kuhne, guðmóðir klúbbsins. Stofnfélagar eru 21 systir.

Undirbúningur að stofnun Soroptimistaklúbbs á Tröllaskaga stóð yfir í tæp tvö ár eða frá því í nóvember 2013 þegar útbreiðslunefnd Soroptimista á Íslandi boðaði til kynningarfundar á Dalvík. Það voru þær Evelyn Ýr Kuhne, Margrét Eyfells og Ragnheiður Stefánsdóttir sem stóðu fyrir fundinum.

Áhugasamar konur hittust fyrstu mánuði ársins 2014, ræddu málin og komu með hugmyndir um framhaldið. Á þessa fundi mættu aðeins 5-8 konur svo eitthvað þurfti að gera til þess að klúbburinn gæti orðið að veruleika. Á haustmánuðum hittumst við nokkrum sinnum og aðeins bættist í hópinn.

Það var ekki fyrr en í mars 2015 sem dró til tíðinda þegar haldinn var fundur á Kaffi Rauðku á Siglufirði. Þegar þarna var komið sögu voru sautján konur komnar á lista yfir væntanlega stofnfélaga en ellefu mættu á fundinn. Auk þeirra komu Evelyn Ýr Kuhne og Helga Sigurbjörnsdóttir frá Skagafjarðarklúbbnum og Margrét Eyfells, Ragnheiður Stefánsdóttir og Laufey Baldursdóttir frá Akureyri. Þarna var endanlega ákveðið að stefna að formlegri stofnun klúbbs á Tröllaskaga í október 2015. Stofnuð var undirbúningsstjórn, í henni áttu sæti: Jónína Magnúsdóttir, Margrét Ósk Harðardóttir, Laufey Eiríksdóttir, Ida Semey og Ólöf Kristín Ásgeirsdóttir.

Systur í Soroptimistaklúbbi Akureyrar hvöttu okkur áfram allan tímann og voru okkur stoð og stytta ásamt systrum í Soroptimistaklúbbi Skagafjarðar. Báðir klúbbarnir buðu okkur tilvonandi systrum að sækja félagsfundi og varð úr að nokkrar okkar sóttu fundi á Akureyri sem gaf okkur gott tækifæri til að kynnast starfinu.

Undirbúningsstjórnin hittist átta sinnum. Á þessum fundum voru lögð drög að dagskrá helgarinnar 16.-18. október og verkum skipt varðandi undirbúninginn.

Ragnheiður Stefánsdóttir, Evelyn Yr Kuhne og Margrét Eyfells.

Sveitastjórnamennirnir Steinunn María Sveinsdóttir frá Fjallabyggð og Valdís Guðbrandsdóttir frá Dalvíkurbyggð.

6. september hélt undirbúningsstjórnin til fundar við Þóru Guðnadóttur forseta Landssambandsins, útbreiðslunefndina og fleiri góða stuðningsmenn. Hugmyndir um hátíðardagskrá vegna stofnfundar voru kynntar og leitað var eftir ráðleggingum um hin ýmsu atriði varðandi dagskrána. Hvatning og hlýja einkenndi viðmót stuðningsmannanna enda um einvala lið að ræða. Á þessum tímapunkti var ákveðið að undirbúningsstjórnin yrði skipuð fyrsta stjórn Soroptimistaklúbbs Tröllaskaga. Hana skipa: Jónína Magnúsdóttir formaður, Ida Marguerite Semey varaformaður, Laufey Eiríksdóttir ritari, Margrét Ósk Harðardóttir gjaldkeri, Ólöf Kristín Ásgeirsdóttir meðstjórnandi og Þuríður Sigurðardóttir meðstjórnandi.

Það er skemmst frá því að segja að upp frá þessum degi fór undirbúningur á fullan snúning. Tilkynningum frá þátttakendum rigndi inn og greinilegt að undirtektir voru mun betri en við þorðum að vona. Þegar stofndagurinn rann upp höfðu 74 systur víða að af landinu tilkynnt þátttöku í hátíðardagskrá vegna stofnfundarins, auk erlenda sendifulltrúans og maka.

Blíðskaparveður var föstudaginn 16. október 2015 og óhætt að segja að landið hafi skartað sínu fegursta hausti. Rútur og bílar runnu upp að Menningarhúsinu Bergi á Dalvík. Áhugasamar systur voru komnar á Tröllaskaga til að taka þátt í hátíðardagskrá vegna stofnfundar Soroptimistaklúbbs Tröllaskaga sem fram fór á Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði.

Gestirnir voru einstaklega vingjarnlegir og með þeim barst kærleikur og vinarþel.

Sigrid Ag að kveikja á kerti, í baksýn eru Þóra Guðnadóttir, Evelyn Yr Kuhne og Margrét Eyfells.

Á laugardagsmorgni hittumst við í sólskini fyrir utan Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði. Steinunn María Sveinsdóttir leiddi hópinn í gegnum safnið og vorum við margs fróðari eftir þá ferð. Eftir hádegisverð á Hótel Sigló tók Guðný Róbertsdóttir á móti okkur í Þjóðlagasetrinu og þeir Örlygur Kristfinnsson og Gústaf Daníelsson tóku þar lagið. Á Ljóðasetri Íslands tók Þórarinn Hannesson á móti okkur, en hann er stofnandi þess og umsjónarmaður.

Kærleikur og vinarþel systra kom svo berlega í ljós við hátíðarkvöldverðinn í Tjarnarborg í Ólafsfirði að loknum stofnfundi, því hér var samstilltur hópur systra saman kominn til að samgleðjast og óska nýjum systrum velfarnaðar í starfi. Gleði og gjafmildi var við völd. Þær Steinunn María Sveinsdóttir, formaður bæjarráðs Fjallabyggðar og Valdís Guðbrandsdóttir, bæjarfulltrúi Dalvíkurbyggðar þáðu boð okkar á hátíðarkvöldverðinn fyrir hönd bæjarstjórna sveitafélaganna á Tröllaskaga.

Að lokum viljum við systur á Tröllaskaga þakka alla þá aðstoð og hvatningu sem við höfum fengið við stofnun klúbbsins. Einnig viljum við þakka gjafir og góðar kveðjur. Við erum þakklátar og hlökkum til samstarfs.

Fyrir hönd Soroptimistaklúbbs Tröllaskaga

Jónína Magnúsdóttir, formaður

Ólöf Kristín Ásgeirsdóttir, meðstjórnandi

Afslappaðar systur - Elsa, Margrét, Laufey, Erla, Guðrún og Ásgerður.

HAUSTFUNDUR NORÐAN- OG AUSTANKLÚBBANNA 2015

Elín Sigurjónsdóttir og Þórunn Sigurbjörnsdóttir aldursforsetar Akureyrarklúbbsins.

Bára Jónsdóttir Austurlandsklúbbi.

Alltaf sama sagan, það er að hausta eina ferðina enn. Með haustinu komum við Soroptimistasystur fílefldar til baka. Endurnærðar eftir fríið og sumarið. Það er löngu orðin hefð fyrir því að klúbbarnir norðan heiða og Austurlandsklúbburinn skiptist á að bjóða til menningarveislu.

Að þessu sinni voru það Akureyrarsystur sem buðu heim og að venju var dagskráin sem boðið var upp á hin áhugaverðasta. Um 50 systur sáu sér fært að mæta, þar á meðal forsetinn okkar hún Þóra Guðnadóttir, hress og kát. Við Húsavíkursystur vorum sjö sem lögðum í hann á laugardagsmorgni.

Svo málglaðar vorum við og kátar í kálfinum hennar Huldu Jónu sem tók að sér að keyra að það heyrðist í raun-inni ekki mannsins mál. Dagskráin hófst út á Grenivík. Í Kjarnanum þeirra Grenvíkinga sem hýsir nokkur fyrirtæki staðarins, svo sem Sparisjóðinn, bæjarskrifstofurnar, verslun staðarins og veitingahús, tóku Akureyrarsystur á móti okkur. Dagskráin hófst með því að starfsmaður Sparisjóðs Höfðhverfinga Ragnheiður Harðardóttir kynnti fyrir okkur starfsemi sparisjóðsins og sagði sögu hans. Sparisjóður Höfðhverfinga er einn elsti sparisjóður landsins. Þar var boðið upp á harðfisk frá Darra á Grenivík og púrtvín. Að því loknu gengu konur til formlegs fundar og snæðings. Boðið var upp á eintóma hollustu. Guðný Sverrisdóttir fyrrverandi sveitarstjóri kom og fræddi systur um atvinnulíf og menningu þeirra Grenvíkinga af skörungsskap. Grenvíkingar hafa aldrei tapað áttum og eiga sín gömlu grónu fyrirtæki, ólíkt svo mörgum sveitarfélögum. Að því loknu var keyrt sem leið lá inn að Safnasafninu á Svalbarðsströnd. Þar tók Níels Hafstein safnstjóri á móti okkur, sagði okkur frá tilurð safnsins og þróun en safnið er sjálfseignarstofnun og Níels er umsjónarmaður þess. Síðan röltu konur um safnið sem er orðið afar fjölbreytt og stórt. Að sjálfsögðu sáu gestgjafarnir um að systur yrðu ekki svangar og veittu dýrindis bakkelsi og kaffi. Í lokin sýndi safnstjóri gjörning með margskonar hlutum sem blekkir sýn áhorfandans. Að þessu loknu fikruðu systur sig innar í Eyjafjörðinn en kvölddagskráin skyldi haldin að Hrafnagili. Við Húsavíkursystur skruppum aðeins inn í Hofið á Akureyri og spjölluðum saman áður en haldið var að Hrafnagili. Þegar þangað var komið dressuðu konur sig upp og mættu til kvöldskemmtunar í sínu fínasta pússi. Dagskráin hófst með því að kynnt var starfsemi Aflsins sem eru samtök gegn heimilis- og kynferðisofbeldi. Þær Sóley Björk Stefánsdóttir gjaldkeri Aflsins og bæjarfulltrúi og Sæunn Guðmundsdóttir ráðgjafi hjá Aflinu sögðu frá starfseminni og hversu erfitt það væri að taka á svona málum en Akureyrarsystur seldu lukkumiða í gríð og erg til styrktar samtökunum. Langborð var hlaðið allskyns áhugaverðum pökkum sem þær systur höfðu safnað í þessu skyni. Ágóðinn af þessari söfnun var talsverður þegar upp var staðið. Þetta verkefni lýtur vel að markmiðum Soroptimista. Við systur nutum kvöldsins við spjall, söng og góðar veitingar. Til okkar kom listafólkið og hjónakornin Lára Sóley og Hjalti og skemmtu okkur með indælis söng og hljóðfæraleik. Það kom að því að þessari ljúfu kvöldstund lyki og systur kvöddust. Sumar aðkomnar gistu á svæðinu en við Húsavíkursystur héldum heim á leið út í nóttina og norðurljósin.

Takk kærlega fyrir frábæran dag og góða samveru.

Svandís Sverrisdóttir
Soroptimistaklúbbi Húsavíkur og nágrennis.

Jólaljóðið í ár sóttum við í smiðju skáldkonunnar Jakobínu Sigurðardóttur. Jakobína var fædd og uppalin í Hælavík í Norður-Ísafjarðarasýslu. Hún fluttist síðar í Garð í Mývatnssveit og bjó þar til æviloka. Jakobína var með þekktustu rithöfundum landsins á sinni tíð og var í heiðurslaunaflokki listamanna á efri árum. Eftir hana liggja allmörg ritverk, ljóð, smásögur og skáldverk.

Jól

Lát mig heyra hljóm þinn, hvíta ljóð.
Huga mínum kveik þú nýja glóð.
Svartir skuggar skima eftir bráð.
Skelfist barnið frostsins grimmdarráð.

Lít í hönd mér litla kertið dautt,
lít á vörum stirðnað málið snautt.
Leys úr viðjum hjartans dýra hljóm.
Himingeislum vek þú liðin blóm.

Mannsins veika von í hreysi fædd,
vafin móðurörmum, tötrum klædd,
lífsins gull í lófa saklauss barns,
ljúfi sunnanþeyr í ríki hjarns,

snauða barnsins bjarta jólaljós,
bleikrar elli skærust hjartarós,
himintónn í hljóði fátæks ranns,
helgast ljós í brjósti dauðlegs manns!

Kom þú! Dagsins dýrð, í jarðarátt.
Dreyp þú ljósi á heljarmyrkrið grátt.
Lát að nýju lýsa þjáðra von,
líf og fögnuð, Mannsins dýra son.

Jakobína Sigurðardóttir

VERKEFNI SOROPTIMISTAKLÚBBS AKUREYRAR

Haustfundurinn í Borgarnesi 2014 og síðan heimsókn Hafdísar Karlsdóttur til okkar á fund í janúar síðastliðinn, var okkur systrum í Akureyrarklúbbi mikil hvatning. Í framhaldinu héldum við hugarflugsfund (brain storming), þar sem viðraðar voru ýmsar hugmyndir að verkefnum fyrir klúbbinn. Ákveðið var að skoða nánar þrjár hugmyndir og skipuðu systur sér í nefndir.

Tvær hugmyndir eru enn í skoðun, en þriðja hugmyndin er þegar komin til framkvæmda þ. e. við stofnuðum Menntunarsjóð fyrir ráðgjafa Aflsins - samtaka gegn kynferðis- og heimilisofbeldi á Norðurlandi.

Þessi ágætu samtök voru stofnuð árið 2002 af konum sem höfðu orðið fyrir kynferðis- og/eða heimilisofbeldi en unnið í sínum málum og síðan fundið þörf hjá sér til að hjálpa öðrum.

Samtökin voru stofnuð í samstarfi við Stígamót í Reykjavík. Hjá samtökunum starfa nú sex ráðgjafar, fimm konur og einn karl og bjóða þau upp á einkaviðtöl og sinna hópastarfi. Auk þess veita þau ráðgjöf og halda kynningar í skólum og annars staðar. Einnig er starfræktur hjálparsími sem er opinn allan sólarhringinn og er hringt í hann hvaðanæva af landinu. Öll aðstoð við þolendur, bæði konur og karla, eru þeim að kostnaðarlausu. Ráðgjafarnir fá laun fyrir einkaviðtöl og hópavinnu en annað starf er unnið í sjálfboðavinnu af þeim og öðrum t.d. stjórninni.

Samtökin hafa fengið styrki frá Akureyrarbæ og öðrum sveitarfélögum á Norðurlandi en einnig frá einstaklingum og félagasamtökum. Þau hafa fengið tillegg á fjárlögum en upphæðirnar eru langt undir þörfum og sníða starfsemi samtakanna mjög þröngan stakk. Þau vilja gera mun meira fyrir skjólstæðinga sína. Allt það fé, sem Aflinu hefur áskotnast, hefur farið í brýnasta rekstur og ekkert verið afgangs til að greiða fyrir námskeið eða aðra fræðslu fyrir ráðgjafana sem þeim er nauðsynleg til endurmenntunar og uppbyggingar í starfi.

Eftir viðræður við stjórn Aflsins höfum við nú stofnað Menntunarsjóð fyrir ráðgjafana til að bæta úr þessari brýnu þörf. Til að afla fjár í sjóðinn héldum við götusölu í júní og á Hausthittingi norðanklúbba í september seldum við lukkupakka. En betur má ef duga skal.

Við bindum vonir við að Menntunarsjóðurinn komi til með að styrkja og efla hina góðu og mikilvægu starfsemi Aflsins. Tillegg í sjóðinn eru vel þegin og veitir undirrituð allar frekari upplýsingar á netfanginu annamh@simnet.is

Anna María Helgadóttir
Soroptimistaklúbbi Akureyrar

Íslandsbanki

SPARISJÓÐUR
Suður-Þingeyinga

NORÐURVÍK
HÖFÐA - HÚSAVÍK
SÍMI
464 1279

Bókaverslun
Þórarins

Fatahreinsun
Húsavíkur sf.

Tjörneshreppur
- þar sem smæðin er styrkur

Fjallasýn
Rúnars Óskarssonar ehf

Þingeyjarsveit Kjarna,
650 Laugum